



Stjórnarfundur 9 fimmtudaginn 6. maí 2010 kl. 17.15 á skrifstofu BLÍ

Mætt.: Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Svala Vignisdóttir, Hreggviður Norðdahl, Valdimar Hafsteinsson, Óskar Hauksson. Davíð Búi Halldórsson mætti ekki og Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins

- Ársþing BLÍ
- Landsliðsmál
- Mótamál (næsta keppnistímabil)
- Öldungamótsreglugerð
- Erlend samskipti
- Önnur mál

Fundargerð

Ársþing BLÍ

Umræða um framkomnar tillögur, tekin umræða um tillögu um deildakeppni og úrslitakeppni BLÍ sem mótanefnd mun flytja. Talsverð umræða um tilgang úrslitakeppninnar – neðri hlutann og að deildakeppnin skipti engu máli. Fallist á að senda tillöguna frá sér eins og mótanefnd leggur til.

Rætt um þá Davíð og Stefán sem eru að ljúka sínu kjörtímabili. Þeir beðnir um að svör hvort þeir gefi kost á sér áfram. Jason finnur þingforseta og þingritara. Fundarboð 2 fer frá skrifstofu BLÍ tveimur vikum fyrir þing. Með fundarboðinu skal dagskrá fara með og framkomnar tillögur.

Landsliðsmál

- Liðin eru að fara erlendis bráðlega. Þjálfarar ekki búnir að klára listann og ekki búið að ganga frá flugi. Mundína Kristinsdóttir verður fararstjóri kvennaliðsins og Valdimar Hafsteinsson verður með karlaliðið.
- Landsliðin verða með dómgæsluna á öldungamótinu og er skipulagning í fullum gangi. Landsliðin verða einnig með sölubás eins og oft áður. Þá munu bæði liðin spila pressuleiki við úrvalsið öldunga á föstudagskvöldinu.
- Æfingar ganga vel en HK hefur lánað BLÍ tíma í Fagralundi fyrir æfingar á virkum dögum. Zdravko hefur verið að stjórna kvennaæfingum og Micha með karlana. Apostol kemur á helgum til Reykjavíkur til að þjálfra kvennaliðið.
- Heiða tók saman ferðakostnað á síðasta ári og fjallaði um það. Fram kom í hennar máli að BLÍ er að verja ca 500.000 í hverja ferð. Það þýðir að BLÍ kostar vel á fjórðu milljón í landsliðsferðir á hverju ári.
- Dagskrá landsliðanna á árinu 2010
 - A landslið kvenna: 10.-14. júní á Möltu í EM smáþjóða.
 - A landslið karla: 17.-21. júní á Möltu í EM smáþjóða.
 - U19, 24.-26. september í Falköping í Svíþjóð.
 - U17, 19.-21. október í IKAST í Danmörku.

Mótamál (næsta keppnistímabil)

Mótanefnd hóf störf fyrir næsta tímabil strax að loknu tímabilinu. Í nefndinni eru Sævar Már Guðmundsson, Davíð Búi Halldórsson og Ólafur Sigurðsson. Jason Ívarsson er nefndinni innan handar.

- Fundað var um nýlokið tímabil og var gerð breytingatillaga að reglugerð um Íslandsmót. Bréf var sent á þau félög sem koma til álita vegna þátttöku í 1. deild karla sérstaklega og gerð voru drög að dagatali fyrir næsta keppnistímabil. Drögin voru send út og félög beðin um að senda inn þátttökutilkynningu eigi síðar en 21. maí 2010.
- Þátttökugjöldin voru ekki gefin út að þessu sinni en Heiða og Sævar munu finna út hvort þurfi eitthvað að breyta þeim og senda út til félaganna áður en fresturinn rennur út.
- Mótanefnd stefnir að því að um mitt sumar verði Íslandsmót BLÍ tilbúið fyrir keppnistímabilið 2010-2011.

Öldungamótsreglugerðin

Nefnd skipuð af öldungaþingi 2009 og stjórn BLÍ hefur samið nýja reglugerð um öldungamót BLÍ. Reglugerðin verður send inn til öldungaþings og hún rædd þar. Þingið getur gert breytingartillögu sem fer þá beint aftur í nefndina og fyrir ársþing BLÍ þar sem reglugerðin verður endanlega staðfest.

- Fundarmenn ræddu um athugasemdirnar sem bárust. Það var t.a.m. um dagsetninguna og ÍSÍ tenginguna.
- Formaður BLÍ þakkar nefndinni fyrir vel unnin störf í kringum reglugerðina.
- Stjórn sendir drögin að reglugerðinni á öldungaþingið til umfjöllunar og er þinginu að sjálfsgöðu heimilt að senda inn tillögur um breytingar til ársþings BLÍ.

Erlend samskipti

- Formaður BLÍ fer á heimsþing FIVB í Róm í september. FIVB greiðir fargjald fyrir 1 frá hverju landi og gistingu, nema hann vilji vera einn í herbergi.
- CEV þingið á þessu ári er í Ljubliana þann 16. október.
- BLÍ er aðili að þessum samtökum og viðkomandi land fær ekki greiðslu úr sjóðum þeirra nema að mæta á fundi. Því er mikilvægt að BLÍ sendi fulltrúa sína á þessi þing og þá fundi sem eru á erlendri grundu.
- **Þjálfaranámskeið:** Bandaríkjamenn hafa áhuga á að koma til Íslands og vera með þriggja daga námskeið, þeir myndu setja upp Clinic og auglýsa á norðurlöndum. Þeir stilla sig af eftir því hverjir eru á námskeiðinu. Hvernig á að kenna tækni t.d. Þetta þarf að hugsa vel og setja í farveg. Það þarf að búa til sérnefnd fyrir verkefnið og hefur Magnús Aðalsteinsson sýnt þessu mikinn áhuga og getur lagt lið við undirbúning.
- **Krakkablak:** Það er brýnt að þessi mál gleymist ekki og væri verðugt að reyna að fá erlenda þjálfara til landsins. Það er búið að setja á dagskrá hæfileikabúðir fyrstu helgina í september þar sem í leiðinni verður haldin þjálfararáðstefna hjá íslenskum þjálfurum í blaki. Búðirnar verða fyrir 3. flokkinn og eldra árið í 4. flokki.

Önnur mál

- Erindi barst frá Sævari Guðmundssyni. Var erindið um að hann hefði áhuga á að taka alþjóðlegt dómaranámskeið í blaki. Stjórn tók jákvætt undir erindið og ætlar að athuga með komandi námskeið.
- Ársskýrsla BLÍ: Mikilvægt er að skýrslan verði sýnileg á netinu einhverjum dögum fyrir ársþingið. Sævari falið að hafa yfirumsjón með skýrslunni, fá skýrslur nefnda og klára frágang á skýrslunni.
- Heiða segir örlítið frá fjárhagsmálum og þá aðallega ársreikningum síðasta árs. Beðið til næsta fundar með að fara betur yfir ársreikning og stöðuna.

Áætlaður næsti fundur: 27. maí

Fundi slitið kl. 18.50

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð